

# PERSÓNUVERNDARSTEFNA SVEITARFÉLAGSINS NORÐURÞINGS

Svavar H. Viðarsson  
SVEITARFÉLAGIÐ NORÐURÞING

# Persónuverndarstefna Norðurþings

Samþykkt í sveitarstjórn  
Norðurþings á 84. fundi þann 18.  
september 2018.

Sveitarfélagið Norðurþings (einnig vísað til „sveitarfélagsins“) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem sveitarfélagið og allar undirstofnanir þess vinna. Sveitarfélagið hefur á þeim grundvelli sett sér svohljóðandi persónuverndarstefnu:

## 1. Tilgangur og gildissvið

Sveitarfélagið Norðurþing leitast við að uppfylla í hvívetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á persónuverndarlögum nr. 90/2018 frá 27. júní 2018.

Með stefnu þessari leggur sveitarfélagið áherslu á mikilvægi þess að gætt sé að því að öll vinnsla persónuupplýsinga innan sveitarfélagsins fari fram í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Stefnan gildir um sérhverja vinnslu persónuupplýsinga Sveitarfélagsins Norðurþings, en þegar vísað er til sveitarfélagsins í stefnu þessari er einnig átt við stofnanir, fyrirtæki og nefndir á vegum þess.

Persónuverndarstefna þessi lýsir vinnslu sveitarfélagsins á persónuupplýsingum. Sveitarfélagið mun auk þess leitast við að veita þeim einstaklingum sem unnið er með persónuupplýsingar um nánari fræðslu um þá vinnslu sem sveitarfélagið hefur með höndum hverju sinni, eftir því sem við á.

## 2. Hvað er vinnsla persónuupplýsinga?

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, s.s. söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

## 3. Hvernig vinnur sveitarfélagið persónuupplýsingar?

Öll vinnsla sveitarfélagsins á persónuupplýsingum fer fram í skýrum tilgangi og byggist á lögum grundvelli samkvæmt persónuverndarlögum. Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg hinum upprunalega tilgangi vinnslunnar.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að ekki sé gengið lengra í vinnslu persónuupplýsinga en þörf krefur, til að ná því markmiði sem stefnt er að með vinnslunni.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur

persónuverndarlaga veitir sveitarfélagið starfsfólki sínu og kjómum fulltrúum fræðslu og þjálfun í því hvernig skuli umgangast slíkar upplýsingar.

#### **4. Um hverja safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum?**

Við rekstur á sveitarfélagi safnast óhjákvæmilega ýmsar persónuupplýsingar um mismunandi hópa einstaklinga og er vinnsla slíkra upplýsinga nauðsynleg svo sveitarfélagið geti veitt lögbundna þjónustu.

Sveitarfélagið safnar og vinnur t.a.m. með persónuupplýsingar um:

- íbúa og aðra skjólstæðinga sveitarfélagsins;
- starfsfólk sveitarfélagsins;
- einstaklinga sem eru í samskiptum við sveitarfélagið; og
- tengiliði viðskiptamanna, birgja, verktaka, ráðgjafa, stofnana og annarra lögaðila sem sveitar- félagið er í samningssambandi við.

#### **5. Hvaða persónuupplýsingum safnar sveitarfélagið?**

Sveitarfélagið Norðurþing safnar og varðveitir ýmsar persónuupplýsingar um framangreinda flokka einstaklinga, en þó eingöngu upplýsingum sem eru nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar hverju sinni. Þannig er ólíkum persónuupplýsingum safnað um ólíka flokka einstaklinga og fer vinnsla og söfnun á persónuupplýsingum eftir eðli sambandsins sem er á milli sveitarfélagsins og viðkomandi einstaklings. Þannig er umfangsmeiri upplýsingum t.d. safnað um íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn heldur en aðra.

Undir tilteknum kringumstæðum safnar sveitarfélagið viðkvæmum persónuupplýsingum, s.s. um heilsu- far, trúarbrögð, aðild að stéttarfélagi og þjóðernislegan uppruna. Sérstök aðgát skal höfð við vinnslu slíkra upplýsinga.

Sveitarfélagið Norðurþing aflar að mestu persónuupplýsinga beint frá þeim einstaklingi sem upplýsingarnar varða. Við tilteknaðar aðstæður geta upplýsingarnar þó komið frá þriðja aðila, t.d. Þjóðskrá, heilbrigðisstofnun eða öðrum þriðja aðila. Þegar upplýsinga er aflað frá þriðja aðila mun sveitarfélagið leitast við að upplýsa um slíkt, eftir því sem við á.

#### **6. Á hvaða grundvelli safnar sveitarfélagið persónuupplýsingum?**

Sveitarfélagið Norðurþing safnar persónuupplýsingum fyrst og fremst til að geta uppfyllt skyldur sínar á grundvelli laga sem gilda um rekstur og þjónustu sveitarfélaga. Þá safnar sveitarfélagið einnig persónuupplýsingum vegna samningssambands sem sveitarfélagið er í, t.d. við starfsfólk eða verktaka, eða til að koma slíku samningssambandi á. Þá byggir sveitarfélagið suma vinnslu jafnframt á samþykki hinna skráðu, s.s. vegna myndbirtingar í skólum og leikskólum, og á lögmætum hagsmunum sveitarfélagsins, s.s. vegna eftirlits í öryggis- og eignavörsluskyni. Sem opinber aðili getur vinnsla sveitarfélagsins jafnframt verið nauðsynleg við beitingu þess opinbera valds sem sveitarfélagið fer með.

#### **7. Varðveislutími**

Þar sem Sveitarfélagið Norðurþing er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið vinnur því afhentar Héraðsskjalasafni Þingeyinga að þrjátíu árum liðnum.

## 8. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Sveitarfélagið býr yfir persónuupplýsingum er tengjast starfsemi þess og verkefna, sem þeim ber að sinna, og kunna að innihalda viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar sem ber að vernda sérstaklega. Hagsmunir skráðra aðila, sem tengjast málum er upplýsingarnar varða, gætu skaðast ef upplýsingarnar komast í hendur annarra en lögmætra viðtakenda, eru rangar eða eru ekki aðgengilegar þegar þeirra er þörf. Með þetta að leiðarljósi leitast sveitarfélagið við að:

Grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

Tryggja að kerfi og gögn sem kunna að eyðileggjast sé hægt að endurreisa með hjálp viðbragðsáætlunar og afrita sem geymd eru á öruggum stað.

Stuðla að virkri öryggisvitund starfsmanna og kjörinna fulltrúa með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

Tryggja að eingöngu aðilar, sem til þess hafa heimild, hafi aðgang að upplýsingum hjá sveitarfélaginu og búnaði tengdum þeim.

## 9. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila

Sveitarfélagið Norðurþing kann að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila af mismunandi ástæðum. Þannig geta þriðju aðilar sem veita sveitarfélaginu upplýsingatækniþjónustu haft aðgang að persónuupplýsingum, en sveitarfélaginu kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar.

Sveitarfélagið Norðurþing semur eingöngu við utanaðkomandi aðila sem tryggja öryggi persónuupplýsinga sem þeir vinna með fyrir hönd sveitarfélagsins. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

## 10. Réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum

Einstaklingar hafa rétt til að vita hvaða persónuupplýsingar sveitarfélagið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar og í einstaka tilvikum persónuupplýsingum um sig eytt. Jafnframt geta einstaklingar í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði tak- mörkuð. Óski einstaklingur eftir að flytja upplýsingar um sig til annars aðila, t.d. til annars sveitarfélags, getur viðkomandi einnig átt rétt á að fá persónuupplýsingar sínar afhendar til sín á tölvutæku formi eða að þær verði fluttar beint til viðkomandi þriðja aðila.

Í þeim tilvikum er vinnsla sveitarfélagsins byggir á samþykki getur sá sem samþykkið veitti alltaf afturkallað það.

Sveitarfélagið virðir framangreind réttindi einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum.

Leitast er við að bregðast við öllum beiðnum innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun sveitarfélagið upplýsa um slíkar tafir og leitast við að svara í

síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.

## 11. Ábyrgð á grundvelli persónuverndarlaga

Ábyrgð á þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram innan sveitarfélagsins er mismunandi eftir því hvort sveitarfélagið sjálft, einstök svið þess eða stofnanir og fyrirtæki á vegum þess ákveður tilgang og aðferð við vinnsluna. Þannig eru grunnskólar sveitarfélagsins t.a.m. ábyrgðaraðilar þeirra persónuupplýsinga sem þeir vinna.

## 12. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Hafi einstaklingar spurningar um persónuverndarstefnu þessa eða hvernig sveitarfélagið varðveitir eða vinnur persónuupplýsingar að öðru leyti, geta þeir ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins sem mun leitast við að svara fyrirspurnum og leiðbeina einstaklingum um réttindi þeirra samkvæmt persónuverndarstefnu þessari og persónuverndarlögum.

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu Sveitarfélagsins Norðurþings á persónuupplýsingum hans getur hann jafnframt sent erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

## 13. Samskiptaupplýsingar

Persónuverndarfulltrúi Sveitarfélagsins Norðurþings hefur umsjón með eftirfylgni við persónuverndarstefnu þessari og framfylgni við persónuverndarlög.

Persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins er Halgrímur Jónsson lögmaður hjá Pacta lögmannum. Hægt er að senda honum tölvupóst á netfangið [personuvernd@nordurthing.is](mailto:personuvernd@nordurthing.is) eða hringja í síma 440-7700.

Samskiptaupplýsingar Sveitarfélagsins:  
Stjórnsýsluhús Norðurþings  
Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík  
Sími: 464-6100

## 14. Endurskoðun

Sveitarfélagið getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum og reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig sveitarfélagið vinnur með persónuupplýsingar. Verði gerðar breytingar á stefnu þessari verður slíkt kynnt á heimasíðu Sveitarfélagsins Norðurþings.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt.

Þessi persónuverndarstefna var samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings þann xxx. 2018 og skal hún taka gildi samkvæmt ákvæðum lagan nr. 90/2018, sem lögfesta ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga.

# Viðauki I við persónuverndarstefnu Norðurþings:

## Persónuverndarstefna fyrir vefsíðu Norðurþings

Vefsíðan nordurthing.is meðhöndlar persónuupplýsingar í samræmi við **lög nr. 90/2018** um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í þeim tilfellum þar sem persónuupplýsingar eru skráðar t.d. vegna fyrirspurnar, beiðna eða starfsumsóknar, þar sem þú þarft að skrá nafn þitt, heimilisfang, tölvupóstfang eða aðrar persónutengdar upplýsingar, skuldbindur Norðurþing sig til þess að varðveita framangreindar upplýsingar á öruggan og tryggan hátt og mun ekki miðla áfram upplýsingum sem skráðar hafa verið til þriðja aðila án samþykkis viðkomandi aðila eða í kjölfar dómsúrskurðar. Athuga í einhverjum tilfellum geta upplýsingar komið fram í opinberri fundargerð og er það þá sérstaklega tekið fram á þeim umsóknum og eyðublöðum sem við eiga.

Við heimsókn á vefsíðu okkar eru skráðar ýmsar nauðsynlegar upplýsingar um aðgengi og notkun. Þessar upplýsingar kunna að innihalda IP-tölur notanda. Þessum upplýsingum er einungis safnað af öryggisástæðum og fyrir bilanagreiningu. Þessi síða notar einnig vafrakökur fyrir nauðsynlega virkni, söfnun tölfraeðiupplýsinga og fyrir deilingu á samfélagsmiðla, sjá nánar í [vafrakökustefnu](#) sveitarfélagsins Norðurþing.

Vinnsla gagna fer fram svo lengi sem notandi lýsir ekki andstöðu sinni við meðferð upplýsinganna. Ef notandi óskar eftir að koma athugasemdum um meðhöndlun persónuupplýsinga á framfæri eða óskar eftir að persónuupplýsingum sínum verði eytt úr grunninum, skal athugasemdum komið til Norðurþings í tölvupósti á [personuvernd@nordurthing.is](mailto:personuvernd@nordurthing.is).

Vinnsluaðilar sem vefsíðan notar og eru nauðsynlegir fyrir eðlilega virkni:

- Amazon AWS cloud hosting - vefhýsing (Privacy Shield vottað). [Persónuverndarstefna](#)
- Bugsnag - Villumeðhöndlun (Privacy Shield vottað). [Persónuverndarstefna](#)
- New Relic - eftirlit með álagi og umferð vefþjóna (Privacy Shield vottað). [Persónuverndarstefna](#)

Vinnsluaðilar sem vefsíðan notar fyrir tölfraeðilegar upplýsingar og deilingu á samfélagsmiðlum:

- Google Analytics - Umferð og tölfraeðiupplýsingar (Privacy Shield vottað). [Persónuverndarstefna](#)
- AddThis - Deila efni á samfélagsmiðlum. [Persónuverndarstefna](#)

## Viðauki II við persónuverndarstefnu Norðurljósa:

### VAFRAKÖKUR

Þessi vefsíða notar vafrakökur til að tryggja sem besta upplifun af síðunni fyrir notendur. Kökurnar má flokka í fernt; nauðsynlegar, frammistöðu- og virkniauðgandi, tölfræðilegar, markaðssetning.

Vafrakökur eru upplýsingapakkar, sem netvafrar vista að beiðni vefþjóna. Þegar vafrinn seinna biður sama vefþjón um vefsíðu er kakan send til þjónsins með beiðninni. Vefþjóninn getur þá notað þessar upplýsingar frá vafranum til frekari vinnslu. Kökur geyma oft upplýsingar um stillingar notanda, tölfræði heimsóknna, auðkenni innskráðra notanda o.fl. Kökur eru einnig oft nauðsynlegar til að geta boðið upp á ýmsa virkni og koma í veg fyrir árásir tölvuþrjóta. Vafrinn eyðir kökunni þegar líftími hennar rennur út. Hver kaka er bundin við þann vefþjón sem sendi kökuna og aðeins sá vefþjónn fær að sjá kökuna. Ef þú ert ekki ánægð/ur með notkun á einhverjum kökum á vefsíðunni getur þú lokað á þær eða eytt úr vafranum þínum. Gerir þú slíkt getur það hamlað virkni vefsíðunnar.

#### Notkun á vafrakökum

Sveitarfélagið notar vafrakökur til mælinga á heimsóknum á heimasíðu þess. Umferð á vefinn eru mæld með Google Analytics. Það þýðir að skráður er tími og dagsetning heimsóknna á vefinn, IP tölur þeirra sem heimsækja hann og frá hvaða vefsíðu heimsóknir koma, tegund vafra og stýrikerfis og hvaða leitarorð notendur nota til að komast á vefinn sem og til að finna efni innan hans. Vafrakökur eru notaðar í margvíslegum tilgangi eins og til dæmis að muna hvað notandi hefur valið í bókunarvél á meðan hann er tengdur vefsvæðinu, þær kunna einnig að vera notaðar í öryggisskyni. Lotukökur eyðast þegar notandi fer af vefsvæði og eru því ekki vistaðar til lengri tíma. Viðvarandi vafrakökur vistast á tölvu notanda og muna val eða aðgerðir notanda á vefsvæði. **Engar tilraunir eru gerðar til að tengja heimsókn við persónugreinanlegar upplýsingar.**

#### Hvernig er hægt að eyða vafrakökum?

Allir vafrar bjóða upp á takmörkun á notkun á vafrakökum, eins er mögulegt að slökkva á þeim í stillingum vafrans. Mismunandi er eftir vöfrum hvernig þetta er gert en leiðbeiningar má finna í hjálparvalmöguleika í viðkomandi vafra. Einnig er hægt að eyða þeim vafrakökum sem þegar eru vistaðar á tölvu notanda. Skrefin við að eyða vafrakökum eru ólík eftir vöfrum en leiðbeiningar um slíkt má finna í hjálparvalmöguleika í vafranum sem notaður er hverju sinni.

Nauðsynlegar kökur

Nauðsynlegar vafrakökur eiga allar uppruna sinn frá Stefna.is og eru notaðar til að birta vefsíðuna sjálfa:

Kökur	Uppruni	Tilgangur
PHPSESSID, __atfs	Stefna.is	Virkni vefsíðu

## Framistöðu og virkni auðgandi

Notast er við köku til að muna ef vafrakökur hafa verið samþykktar en einnig er notað þjónustu frá Addthis.com til að bjóða upp á deilingu á fréttum og öðru efni á samfélagsmiðlum.

## Tölfræðilegar

Þessi vefsíða notar þjónustu Google Analytics til að safna tölfræðilegum gögnum um notkun á vefsíðunni.

## Markaðslegar

Engar kökur er settar til að bjóða upp á sérsniðnar auglýsingar. Norðurþing safnar engum upplýsingum í markaðslegum tilgangi, hvorki til að selja auglýsingar né notar í hagnaðarskyni. Vefsíða sveitarfélagsins Norðurþings er hýst af vefþjónustufyrirtækinu Stefna ehf og vefsíður í vefumsjónarkerfi Stefnu nota einungis þjónustu frá eftirtöldum aðilum fyrir nauðsynlega virkni vefsíðna:

- Amazon aws cloud hosting - vefhýsing (Privacy Shield vottað).
- Bugsnaq - Villumeðhöndlun (Privacy Shield vottað).
- New Relic - eftirlit með álagi og umferð vefþjóna (Privacy Shield vottað).

## Hafa samband

Ef notandi óskar eftir að koma athugasemdum um notkun á vafrakökum á framfæri, skal athugasemdum komið til persónuverndarfulltrúa í tölvupósti á [personuvernd@nordurthing.is](mailto:personuvernd@nordurthing.is).